



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Mannréttinda og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Vegna beiðni um upplýsingar um viðbrögð við auknu ofbeldi meðal ungs fólks

Vísað er til tölvupósts mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 8. maí 2023, þar sem óskað er eftir upplýsingum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um viðbrögð/aðgerðir í kjölfar aukins ofbeldis meðal ungs fólks. Eftirfarandi eru svör skóla- og frístundasviðs.

Í vetur hafa komið upp í flestum hverfum borgarinnar alvarleg mál meðal unglunga og ofbeldi oft beitt. Betri borg fyrir börn (BBB) verkefnastjórnir í miðstöðvum vinna þétt saman varðandi þá unglunga sem eru í áhættuhópi. Félagsmiðstöðvar skóla- og frístundasviðs borgarinnar voru með mikil inngrip í unglingahópa sl. sumar og vetur þ.e. til þeirra unglunga sem sýna áhættuhegðun. Þetta var gert bæði með því að starfrækja sértækt hópastarf auk hefðbundins félagsmiðstöðvastarfs og auknu vettvangsstarfi eftir lokun félagsmiðstöðva. Félagsmiðstöðvar hafa frumkvæði að samstarfi innan hverfa, milli hverfa og við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu m.a. til að bregðast við áhættuhegðun unglunga, setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi og skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglunga með annað móðurmál en íslensku. Unglingahóparnir sem sýna áhættuhegðun flakka á milli hverfa og sveitarfélaga. Sl. þrjú ár hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir að frumkvæði skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur með fulltrúum frá Reykjanesbæ, Hafnafirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Akranesi og Reykjavík þar sem aðilar sem starfa að félagsmiðstöðvarmálum samstillast starfsemi sína og veita upplýsingar um stöðu mála í viðkomandi sveitarfélagi. Þessir fundir hafa þétt samstarf ofangreindra sveitarfélaga í forvarnavinnu og vettvangsstarfi. Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð sem er samstarfsverkefni félagsmiðstöðva í Reykjavík hefur verið starfrækt allt sumarið undanfarin ár. Í sumar verður Flotinn starfræktur til 20. júlí og beiðni er eftir svörum frá mennta- og barnamálaráðuneyti um aukinn styrk svo hægt sé að starfrækja Flotann í allt sumar og á þeim tíma sem eru sumarleyfi í félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Skóla- og frístundasvið boðaði til fundar í okt. sl. með fagstjórum grunnskóla úr Miðstöðvum borgarinnar, framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva, framkvæmdastjóra Keðjunnar, verkefnastjórum félagsauðs og forvarna hjá velferðarsvið, fulltrúum lögreglu og fleirum þar sem farið var yfir stöðu mála vegna aukins ofbeldis í unglingahópum í borginni. Næstu skref voru þau að myndaður var **aðgerðarhópur** sem hittist nokkrum sinnum og niðurstaða hans var að verkefnið Betri borg fyrir börn væri að grípa léttari málin en að það væri nauðsynlegt að efla aðkomu lögreglu í hverfunum þ.e. að öll hverfi þyrftu að hafa samfélagslögreglu að störfum vegna mála af flóknari toga.

Skóla- og frístundasvið fór í samstarf við **Heimili og skóla** á vorönn 2023 og haldnir voru 5 fundir með foreldrum grunnskóla- og leikskólubarna fyrir páska þar sem rætt var um mikilvægi foreldrasamstarfs. Stjórnir foreldrafélaga grunnskóla voru í framhaldi hvattar til að hefja foreldrarölt og handbók foreldrarólts send til allra formanna stjórna foreldrafélaga grunnskóla og foreldraráða leikskóla. Sjá [slóð á foreldrahandbókina](#)



Fulltrúar skrifstofu skóla- og frístundasviðs funda reglulega með framkvæmdastjóra **Samfok** sem sendi bréf í fyrstu viku maímánaðar sl. til allra formanna stjórna foreldrafélaga grunnskóla í Reykjavík. Samfok ætlar að fylgja erindinu eftir með fundum með stjórnnum foreldrafélaganna og hvetja til foreldraröls.

Fulltrúi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur fundað með **fulltrúa lögreglunnar í Reykjavík** um stöðuna í málefnum unglinga. Lögreglan deilir sömu áhyggjum og skóla- og frístundasvið þ.e að hópamyndun meðal unglinga sé meiri og að óæskileg hegðun sé meiri en áður. Einnig hefur fulltrúinn fundað og hafið samstarf við **Hitt húsið** vegna sumarsins og mögulegs samstarfs við Flotann (sjá nánari umfjöllun aftar) í sumar. 1. júní fundaði fulltrúinn með **forvarnar- og tómsfundafulltrúum framhaldsskólanna í Reykjavík** til að vekja athygli á mikilvægi þess að foreldrar ungmenna í framhaldsskólum fái upplýsingar um mikilvægi forvarna og leggi áherslu á verndandi þætti uppeldis á sumrin.

Félagsmiðstöðvar skóla- og frístundasviðs verða í sumar með starfsemi fram í miðjan júlí og leggja áherslu á aukið vettvangsstarf, einnig á sértækt hópastarf auk félagsmiðstöðvahópa í samvinnu við Vinnuskólann. Félagsmiðstöðvarnar opna síðan 22. ágúst nk. um leið og skólastarf hefst á ný í grunnskólunum.

Í reglum um félagsmiðstöðvar kemur fram að félagsmiðstöðvar sinna reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglinga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi. [Sjá reglur um þjónustu félagsmiðstöðva](#) og [handbók um vettvangsstarf félagsmiðstöðva](#)

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð er nýsköpunarverkefni sem varð til vegna styrkja sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fékk frá félagsmálaráðuneyti (2021 og 2022) og barna- og menntamálaráðuneyti (2022) til að auka félagsstarf yfir sumartímamann vegna barna í viðkvæmri stöðu vegna Covid-19. Flotinn byggir á starfsaðferðum granna okkar Svía en starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa kynnt sér vettvangsvinnu meðal annars í Lundi og Gautaborg. Þær áskoranir sem verkefninu er ætlað að bregðast við eru: alvarlegur hegðunarvandi, aukin hópamyndun unglinga, skortur á félagslegu taumhaldi forráðamanna, erfiðar heimilisaðstæður og uppeldisskilyrði og aukin vanlíðan. Stutt er við foreldra þeirra barna sem vettvangsstarfið hefur afskipti af og þeim vísað í aðstoð velferðarþjónustu hjá miðstöðvunum Reykjavík.

Starfsmenn Flotans vinna í teymum og ferðast milli borgarhluta og eru til staðar þar sem unglingar eru að safnast saman á daginn, kvöldin og fram á nætur, virka daga sem um helgar. Staða mála er kortlögð og markvisst unnið að því að ná til unglinga sem ekki finna sig í hefðbundnum frístundatilboðum. Markhópur vettvangsstarfsins eru unglingar 12-16 ára sem ekki taka þátt í skipulögðu frístundastarfi, áttu í neikvæðum samskiptum, sýndu áhættuhegðun og/eða kvíða og búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Um er að ræða þétt samstarf milli velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs, Barnaverndar Reykjavíkur og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Flotinn verður með 4 starfsmenn í vettvangsvinnu til 20. júlí 2023. Flotinn er viðbót við almennt starf félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva. Flotinn starfar þvert á borgina og er ekki bundinn við eitt ákveðið hverfi. Fulltrúar skóla- og frístundasviðs áttu fund með mennta- og barnamálaráðherra auk fulltrúa lögreglu þar sem farið var yfir stöðu mála. Skóla- og frístundasvið hefur sótt um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins til að efla starf Flotans í sumar og haust og styrkja samstarf við nágrannasveitarfélögin í vettvangsstarfi. Ekki hafa borist svör en skóla- og frístundasvið bindur



von við að umsóknin verði samþykkt svo hægt sé að tryggja meiri starfsemi Flotans í sumar og haust og þetta samstarfið við nágrannasveitarfélögin.

Miðbæjarathvarf verður starfrækt við skólaslit 7. júní nk., 17. júní nk. og á menningarnótt í ágúst nk. Athvarfið er samstarf félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og lögreglu.

Samanhópurinn, er samstarfshópur sveitarfélaga og félagasamtaka og miðar starf hópsins að því að styrkja og styðja foreldra í sínu uppeldishlutverki. Skilaboð verða send til foreldra um mikilvægi ábyrgðarinnar á umönnun og uppeldi barna sinna og er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra, með skýrum hætti, að þeir kaupir ekki eða veiti börnum áfengi og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur, að virtar séu reglur um útivistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslaus partý, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setur börn þeirra í. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið eiga fulltrúa í Samanhópnum og verður Samanhópurinn með auglýsingaáttak til foreldra nú í byrjun sumars.

Fulltrúar skóla- og frístundasviðs funduðu með framkvæmdastjórn velferðarsviðs í maí sl. þar sem farið var yfir stöðu unglíngamála og skoðað hvaða möguleikar eru fyrir hendi á miðstöðvunum í hverfunum til að bregðast við áskorunum sumarsins. Mikilvægt er að hver miðstöð hafi aðgerðaplan ef upp koma mál í sumar því í sumarleyfum grunnskólanna eru lausnateymi skólanna ekki starfrækt.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs